

**3464. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18, 29. júlí 2021 og hófst hann kl. 08:15.**

**Fundinn sátu:**

Elsa Lára Arnardóttir formaður, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Rakel Óskarsdóttir aðalmaður, Steinar Dagur Adolffson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs, Sædís Alexía Sigurmundsdóttir skrifstofustjóri, Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri og Guðný Jóna Ólafsdóttir verkefnastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Guðný J. Ólafsdóttir, verkefnastjóri.

**Fyrir tekið:**

**1. 2107499 - Sundabraut - yfirlýsing Reykjavíkurborgar og samgönguráðherra**

Yfirlýsing Sigurðar Inga Jóhannssonar samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og Dags B. Eggertssonar borgarstjóra í Reykjavík um Sundabraut.

*Bæjarráð Akraness í umboði bæjarstjórnar fagnar framlagðri yfirlýsingu samgöngu- og sveitastjórnarráðherra og borgarstjóra Reykjavíkur um uppbyggingu Sundabrautar. Mikilvægt er að búið sé að tímasetja þær aðgerðir sem þarf að framkvæma á næstu árum og leggur bæjarráð áherslu á að þær tímasetningar haldist.*

*Sundabraut mun auka umferðar- og almannaöryggi og lagning hennar er því gríðarlegt hagsmunamál þeirra sem sækja svo hægt verði að gera áætlanir og hefja undirbúning framkvæmda.*

*vinnu, nám og þjónustu til höfuðborgarinnar.*

*Samþykkt 3:0*

**2. 2105126 - Umferðaröryggi 2021**

Jón Ólafsson verkefnastjóri lagði fram tillögur um umferðaröryggi í Skógahverfi, Esjubraut og Garðargrund. Tillögur felast m.a. í eftirfarandi:

Koma fyrir 30km hellulögðum hliðum í Asparskógum.

Merkja 30 km ofan á valdar götur.

Skoða með hellulagðar upphækkanir.

Koma upp hraðavaraskiltum, hugbúnaður sem safnar yfirliti um hraða og bílaumferð á viðkomandi stað.

Endurskoða umferðarskýrslu m.t.t. hámarkshraða.

Kostnaður við ofangreindar aðgerðir er metin á um 16.millj.kr.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarráð að gerður verði viðauki fyrir árið 2021 til að mæta þessum kostnaði.

Skipulags- og umhverfisráð felur jafnframt Jóni Ólafssyni verkefnastjóra að endurskoða umferðarskýrslu m.t.t. hámarkshraða.

*Bæjarráð samþykkir breytingu á fjárfestingar- og framkvæmdaáætlunar vegna ársins 2021 vegna tillagna um umferðaröryggi, samtals að fjárhæð kr. 16.000.000. Útgjöldunum verður mætt innan fjárfestingar- og framkvæmdaáætlunar ársins með*

*tilfærslu verkefna. Unnið er að heildarendurskoðun áætlunarinnar sem kemur til ákvörðunar síðar í sumar.*

*Samþykkt 3:0*

### **3. 2107475 - Íþróttamiðstöðin Jaðarsbökkum - kaup á skúringavél**

Beiðni frá Íþróttamiðstöðinni á Jaðarsbökkum um viðgerð á skúringavél uppá ca. 1 millj. kr. eða kaup á nýrri skúringavél fyrir um 3 millj. kr.

*Bæjarráð samþykkir breytingu á fjárfestingar- og framkvæmdaáætlunar vegna ársins 2021 vegna kaupanna, samtals að fjárhæð kr. 3.000.000. Útgjöldunum verður mætt innan fjárfestingar- og framkvæmdaáætlunar ársins með tilfærslu verkefna. Unnið er að heildarendurskoðun áætlunarinnar sem kemur til ákvörðunar síðar í sumar.*

*Samþykkt 3:0*

### **4. 2006217 - Markaðsherferð fyrir Akraness**

Markaðsherferð Akraness - þátttaka verktaka.

*Fyrirhugaður er fundur með lögaðilum sem hafa fengið úthlutaða lóð og öðrum byggingaverktökum á Akranesi þann 10. ágúst þar sem bæjarstjóri ásamt fulltrúum Tjarnargötunar munu halda kynningu á mögulegri markaðsherferð fyrir Akranes.*

*Bæjarráð felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins.*

*Samþykkt 3:0*

### **5. 1911178 - Kerfisáætlun Landsnets 2020 - 2029**

Drög að umsögn sveitarfélaga á Vesturlandi um Kerfisáætlun Landsnets.

*Bæjarráð felur bæjarstjóra að koma á framfæri að aukin flutningsþörf raforku fyrir möguleg gagnaver verði bætt inn í umsögn sveitarfélaga á Vesturlandi um Kerfisáætlun Landsnets.*

*Samþykkt 3:0*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 9:45.**